

**43. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
19. September 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1607038 - Umhverfisverðlaun / umhverfisviðurkenning 2016**

Tilnefningar

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra Birgissyni fyrir góða kynningu á tilnefningum til umhverfisverðlauna.*

*Veitt verða verðlaun fyrir einbýlishúsaloð, fyrirtækjalóð, hvatningarverðlaun, samfélagsverðlaun og verðlaun fyrir tré ársins.*

**2. 1609101 - Nýr golfskáli**

Á fundinn mættu Guðmundur Sigvaldason og Þórður Emil Ólafsson fyrir hönd golklúbbsins Leynis og kynntu hugmyndir um nýjan golfskála í stað þess sem fyrir er í dag. Skipulags- og umhverfisráð þakkar þeim greinargóða kynningu.

*Guðmundur og Þórður Emil kynntu hugmyndir GL um nýtt húsnæði og þeirra framtíðarsýn.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.*

**3. 1602244 - Aðalskipulagsbreyting - Vallholt 5**

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010 að birt verði auglýsing um opið hús þar sem tillaga að aðalskipulagsbreytingu liggur frammi og hægt er að leggja fram spurningar og koma á framfæri ábendingum.*

*Í opnu húsi mun jafnframt liggja frammi leiðrétt skipulagslýsing í samræmi við ábendingar skipulagsstofnunar.*

**4. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5**

*Samhliða opnu húsi um breytingar á aðalskipulagi við Vallholt 5 verði kynntar deiliskipulagsbreytingar á lóð við Vallholt 5.*

**5. 1609117 - Deilisk. Breið - Þjónustuhús**

*Breyting felst í færslu byggingarreits undir þjónustuhús og salerni.*

SRH

ETB

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

**6. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017**

Farið yfir fyrstu drög að fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017-2020.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**

Einar Þrárnar  
Rauð Ólafsdóttir  
Márin Sigurðsd.  
Minnres Hal Andriasson  
Bekka Þór Steindóttir  
Sig. Þ. H.  
Valgerður S. J.